



Hafnarfjörður

Hafnarfirði 27. apríl 2023

Minnisblað

2301215 - Leikskólar undirbúningstímar deildarstjóra

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurn: Á fundi fræðsluráð þann 11. janúar sl. var lögð fram tillaga um að deildarstjórar í aðildarfélögum Bandalags háskólamann (BHM) og Hlíf fái sömu 10 klst. í undirbúningstíma og faglærðir deildarstjóra. Fræðsluráð fagnaði þessari tillögu og engar athugasemdir voru gerðar við hana af ráðinu. Hefur þessi tillaga komið til framkvæmda?

Svar:

Í Hafnarfirði eru alls 18 deildarstjórar starfandi sem ekki eru með leyfisbréf leikskólakennara. 16 eru í verkalýðsfélaginu Hlíf og 2 eru í aðildarfélagi BHM.

Allir þessir aðilar sem gegna deildarstjórstöðu hafa fengið 10 tíma í undirbúning á viku. Umsamin aukning fyrir þessa aðila tók gildi frá og með mánaðarmótum janúar/febrúar sl.

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir

Þróunarfulltrúi leikskóla.